



Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 11.10.2019.

**Efni:**

**Umsögn um Þingskjal 12 – 12. Mál. Frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum, nr. 99/1993, með síðari breytingum (afurðastöðvar í kjötiðnaði).**

Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði (hér eftir SAM) vísa til umsagnarbeiðni Atvinnuveganefndar Alþingis 27. september s.l. um ofangreint frumvarp til laga um breytingu á Búvörulögum.

***SAM telur sanngjarnt að íslenskar afurðastöðvar í kjötiðnaði búi við svipað starfsumhverfi og tíðkast í helstu samkeppnislöndum Íslands og hvetja til þess að frumvarpið verði samþykkt.***

Frumvarpið leggur til breytingar á lögum til samræmis við það sem lagt er til í „Tillögum og framvinduskýrslu samráðshóps um endurskoðun búvörusamninga til sjávarútvegs- og landbúnaðar- ráðherra, 3. júlí 2018“<sup>1</sup>(bls.2) Breytingartillögurnar eru einnig í samræmi við 3. grein í „SAMKOMULAG um breytingar á samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar frá 19. febrúar 2016“<sup>2</sup>

Í tilefni af frumvarpinu vilja SAM benda á að innan Evrópusambandsins eru í gildi víðtækar undanþágur frá Samkeppnislögum til að styðja við framkvæmd sameiginlegu landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins. Í 42. grein sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins segir til dæmis:

*„Ákvæði kaflans sem fjallar um samkeppnisreglur gilda aðeins um framleiðslu og viðskipti með landbúnaðarafurðir að því marki sem Evrópuþingið og ráðið ákveða innan þess ramma og með þeim hætti sem kveðið er á um í 2. mgr. 43. gr., svo og með hliðsjón af markmiðum þeim sem tilgreind eru í 39. gr.“<sup>3</sup>*

Í 209. grein reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 „...um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir.“ eru ítrekuð ákvæði um undanþágur frá að samkeppnis- ákvæði 101. greinar sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins:

*„1. Ákvæði 1. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins skulu ekki gilda um þá samninga, ákvarðanir og aðgerðir sem um getur í 206. gr. þessarar reglugerðar og eru nauðsynleg til að ná markmiðunum sem eru sett fram í 39. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.*

1: [http://www.bondi.is/files/vidhengi/samradshopur\\_tillogur\\_endurskodun-buvorusamninga.pdf](http://www.bondi.is/files/vidhengi/samradshopur_tillogur_endurskodun-buvorusamninga.pdf)

2: [http://www.bondi.is/files/vidhengi/sauðfjarrækt\\_samkomulag.pdf](http://www.bondi.is/files/vidhengi/sauðfjarrækt_samkomulag.pdf)

3: [https://eeas.europa.eu/sites/eeas/files/lissabon-sattmali-2.-utgafa-juni-2012\\_0.pdf](https://eeas.europa.eu/sites/eeas/files/lissabon-sattmali-2.-utgafa-juni-2012_0.pdf) 2. mgr. 43. gr. fjallar um skyldu Evrópuþingsins til að koma á „...sameiginlegu markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir.“ og markmið sem tilgreind eru í 39. gr. eru markmið sameiginlegu landbúnaðarstefnu EU.

*Ákvæði 101. gr. (1. mgr.) sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gilda ekki um samninga, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir bænda, bændasamtaka eða samtaka slíkra samtaka, eða samtaka framleiðenda sem eru viðurkennd skv. 152. gr. þessarar reglugerðar, eða félaga samtaka framleiðenda sem eru viðurkennd skv. 156. gr. þessarar reglugerðar, sem varða framleiðslu eða sölu á landbúnaðarafurðum eða notkun sameiginlegrar aðstöðu til geymslu, meðhöndlunar eða vinnslu á landbúnaðarafurðum, nema þegar það stofnar markmiðum 39. gr. sáttmálans í hættu. [...]<sup>4</sup>*

SAM hvetja Atvinnuveganefnd til að kynna sér ofangreinda reglugerð Evrópuþingsins „...um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir..“ – en reglugerðin skilgreinir viðtækar heimildir Evrópusambandsins til markaðsihlutunar vegna landbúnaðarafurða, þar með talið til opinbers stuðnings, stjórnunar framboðs afurða, heimildir til að leggja á viðbótarinnflutningsgjöld og heimildir til ráðstafna gegn röskun á markaði. Reglugerðin er ágætt dæmi um viðtækar aðgerðir ríkja til stuðnings og verndar landbúnaði og matvælaframleiðslu. En slíkar aðgerðir eru afar algengar meðal ríkja jarðar.

Sem dæmi um beitingu regla innan Evrópusambandsins má benda á fyrirtæki sauðfjárbænda í Skotlandi, Farm Stock Ltd (<http://farmstock.org.uk/>). Markmið fyrirtækisins er að hámarka greiðslur til bænda með hagkvæmni stærðarinnar, góðri samningsstöðu vegna framleiðslumagns og með því að stilla saman framboð og eftirspurn.

Sem dæmi um samstarf fyrirtækja við útflutning landbúnaðarafurða skal bent á U.S. Dairy Export Concil (<http://www.usdec.org/>), sem vinnur að því að auka eftirspurn eftir bandarískum mjólkurafurðum með því að tryggja markaðsaðgengi og aðstoða birgja til að mæta eftirspurn. U.S. Dairy Export Concil er fjármagnað með auragjaldi á mjólk sem bændur í Bandaríkjunum Norður Ameríku framleiða og gjaldi á mjólkurafurðir sem fluttar eru inn til BNA. Samstarf fyrirtækja vegna markaðssetningar landbúnaðarafurða er þannig þekkt beggja vegna Atlantshafsins.

Í alþjóðlegum samanburði eru íslenskar afurðastöðvar í kjötiðnaði örsmáar. SAM telja að samþykkt frumvarpsins veiti afurðastöðvum í kjötiðnaði tækifæri til samvinnu við útflutning afurða, en slík samvinna getur bætt samkeppnishæfni gagnvart margfalt stærri fyrirtæki á erlendum mörkuðum. Samstarf og bætt samkeppnishæfni íslenskra afurðastöðva getur leitt af sér lægri kostnað, hærri söluverð og bætt afkomu afurðastöðva og bænda – og þar með bætt afkomu íslensk þjóðarbús.

SAM áskilur sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum á síðari stigum málsins. Einnig eru samtökin tilbúin að veita frekari upplýsingar og mæta á fund nefndarinnar til umræðu og skoðanaskipta.

f.h. Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði sf



Bjarni R. Brynjólfsson  
Skrifstofustjóri SAM